

Aukin gróska með betri tíð

● Garðaeigendur í Reykjavík eru farnir að slá vegna mikillar sprettu ● Eins og það sé liðin tíð að fá frost ofan í auða jörð í maí, segir forstöðumaður Grasagarðs Reykjavíkur í Laugardalnum

„VIÐ erum alltaf með öndina í hálsinum í maí vegna þess að við viljum ekki fá frost ofan í auða jörð en það er eins og það sé liðin tíð. Ég man eftir því þegar ekki var hægt að reka niður skóflu í maí vegna frosts í jörðu. Það var ekki hægt að stinga upp heimilisgarðinn,“ segir Eva G. Þorvaldsdóttir, forstöðumaður Grasagarðsins í Reykjavík.

Í höfuðborginni eru garðaeigendur farnir að slá og verður þeim tíðrætt um gróskuna og blíðuna.

Eva segir vorið þó seinna á ferð í ár en í fyrra. Þrátt fyrir hlýindin undanfarna daga hafi maí verið hlýrri í fyrra.

„En þetta er miklu fyrr á ferðinni en fyrir 10 til 15 árum. Ég man ekki eftir því að blómin á garðarísi hafi frosið eða eyðilagst af roki síðan þá, en við það eyðileggst uppskeran.“

Það má kannski segja að nú vori um tveimur vikum fyrr. Það er alveg greinilegt að vaxt-
artímabilið hefur lengst og það þykir mjög mikið þótt aðeins sé um viku að ræða,“ tekur Eva fram.



Morgunblaðið/Friðrik

Í Grasagarðinum Gróskan hefur aukist vegna breytts veðurfars og aukins skjóls.

Hún segir aukna grósku á þessum tíma ársins ekki bara vera vegna breytts veðurfars, heldur hafi aukið skjól í gördum auðvitað sitt að segja. „Það er mikilvægt að búa til gott skjól,“ segir

hún og bendir um leið á að nú sé hægt að rækta viðkvæmari tegundir í gördum en áður. „En það er enn draumórakennt með mjög suðlægar tegundir eins og eik.“ ingibjorg@mbl.is

Í HNOTSKURN

» Grasagarður Reykjavíkur varðveittur stóran hluta af íslensku háplöntuflórinni ásamt fjölbreyttu úrvali erlendra plantna, að því er segir á heimasíðu garðsins.

» Heildarfjöldi tegunda, undirtegunda, afbrigða og yrkja er tæplega 4.000.

» Eitt meginhlutverk Grasagarðsins er fræðsla. Á hverju skólaári er tekið á móti leik- og grunnskólanemendum Reykjavíkurborgar.

» Á sumrin er almenningi boðið upp á fræðsludagskrá í Grasagarðinum.

Sundriða vötn á Suðurlandi

Neysla grænmetis er bönnuð í ferðinni

HÓPUR reiðmanna ætlar að sundriða öll vötn frá Höfn í Hornafirði að Selfossi. Þeir lögðu af stað frá Höfn síðastliðið þriðjudagskvöld og komu sjö reiðmenn með 44 hesta að Svínafelli í Öræfum í gær.

„Við riðum Hornafjarðarfljót fyrst, svo Kolgrímu og síðan Breiðamerkursinn og Fjallsá,“ sagði Hermann Árnason sem fer fyrir hópnunum. Í dag á að riða Skeiðará, Gígju og Núpsvötn. Síðan Skaftá, Kúðafliót og Múlakvísl. Þá verður áð í nokkra daga á Heiði í Mýrdal. Stefnt er að því að ljúka reiðinni um hvítasunnuhelgina.

Hermann sagði reiðmennina alla duglega ferðamenn og vana löngum dagleiðum. Fjórir þeirra eru ættaðir frá Pétursey í Mýrdal. Þeir eru yfirleitt í hefðbundum reiðfatnaði en tveir prófuðu í gær blautbúning og þurrbúningsbuxur. Nestið í ferðinni er þjóðlegt.

„Allt grænmeti er bannað. Við erum með hangikjöt, svið, kjötsúpu, baunasúpu, súrt slátur, lífrarpylsu og hrátt hangikjöt – verulega kjarngott fæði,“ sagði Hermann.



Morgunblaðið/Jónas Erlendsson

Ós Breiðamerkurlóns sundriðinn í fyrsta sinn

ÓS Breiðamerkurlóns, eða útfall Jökulsár á Breiðamerkursandi, var sundriðinn um klukkan fjögur í gærmorgun. Að sögn heimamanna er

þetta í fyrsta sinn sem ósinn hefur verið sundriðinn. Á árum áður lá þjóðleiðin yfir jökulinn til að sneiða hjá Jökulsárlóninu og ánni.

Mesta hættan stafar af sterkum straumi. Byrjað var að falla út þegar farið var yfir ósinn í gærmorgun og mátti ekki seinna vera.

Leyfi fyrir vegi þarf frá Fornleifavernd

Eftir Ingibjörgu B. Sveinsdóttur
ingibjorg@mbl.is

SÆKJA þarf um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins fyrir fyrirhugaðri lagningu nýs Álftanesvegar í Gálghrauni. Þetta er mat Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðings sem gerði úttekt á því að hvaða leyti tiltekna fornminjar verða fyrir raski vegna framkvæmdanna.

„Fornleifavernd ákveður hvort fara þarf í áframhaldandi rannsóknir og hvort hlífa þurfi einhverju algjörlega. Það getur tekið einhvern tíma en ég er að vona að það sé bara spurning um nokkrar vikur,“ segir Jónas Snæbjörnsson, svæðisstjóri hjá Vegagerðinni.

Hann segir að að öllu jöfnu hefði

átt að skrifa undir samning við verk-taka í kringum 5. maí. „Við óskuðum hins vegar eftir því að verktakinn léti tilboðið standa áfram á meðan verið væri að skoða þessi mál.“

Andstæðingar vegarlagningarinnar hafa bent á að við fyrirhugaða vegarlagningu muni klettur sem nefnist Ófeigskirkja fara undir veginn. Auk þess muni vegurinn ganga nærri gamalli töft þar sem þeir telja fornminjar vera. Fornar leiðir muni einnig verða fyrir raski.

Í úttekt Ragnheiðar, sem hún gerði að beiðni Vegagerðarinnar, segir meðal annars um Ófeigskirkju að svo rýrar heimildir séu um hana að af þeim verði ekki ályktað með vissu að umræddur hraunklettur njóti verndar samkvæmt þjóðminja-



Morgunblaðið/Golli

„Álfaklettur“ Fyrirhugað vegarstæði nýs Álftanesvegar skoðað.

lögum sem álagablettur. Enn fremur leiki vafi á hvort kletturinn, sem nú nefnist Ófeigskirkja, sé hinn sami og fékk það heiti í öndverðu. Önnur rök kunni að vera fyrir því að reyna að sneiða hjá klettinum þar sem hann hafi augljóslega gildi fyrir stóran hóp fólks.

Um töftina segir í úttektinni að ekki verði nánar sagt til um hlutverk hennar eða aldur nema að undan-genginni fornleifarannsókn.

Andstæðingar vegarlagningarinnar draga í efa nauðsyn hennar þar sem ekki séu líkur á að reist verði jafnstór byggð og fyrirhugað var í Garðaholti næsta áratuginn. Að sögn Jónasar telja menn þörf fyrir nýja veginn þótt byggð verði minni en upphaflega var gert ráð fyrir.



Gott til endurvinnslu

Morgunblaðið Hádegismóum 2, 110 Reykjavík. Sími 5691100 Fréttir ritstjorn@mbl.is Fréttastjórnar Sunna Ósk Logadóttir, sunna@mbl.is Egill Ólafsson, egol@mbl.is Viðskipti vidsk@mbl.is Björgvin Guðmundsson, fréttastjóri, bjorgvin@mbl.is Menning menning@mbl.is Friða Björk Ingvarsdóttir, ritstjórnarfulltrúi, fbi@mbl.is Umráðan | Bréf til blaðsins Guðlaug Sigurðardóttir, ritstjórnarfulltrúi, gudlaug@mbl.is Minningar mbl.is/sendagrein, Stefán Ólafsson, Arnór Ragnarsson Íþróttir sport@mbl.is Sigurður Elvar Þórólfsson, seth@mbl.is Viðir Sigurðsson, vs@mbl.is Sunnudagur Ragnhildur Sverrisdóttir, ritstjórnarfulltrúi, rsv@mbl.is mbl.is netfrett@mbl.is Guðmundur Sv. Hermannsson fréttastjóri gummi@mbl.is

Grænt ljós á línulögn

● Umhverfisáhrif Suðvesturlínu eru talin ásættanleg ● Nauðsynlegt er talið að styrkja háspennulínur sem liggja milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja

Eftir Helga Bjarnason
helgi@mbl.is

UMHVERFISÁHRIF fyrirhugaðra Suðvesturlína eru talin ásættanleg þegar tekið hefur verið tillit til ávinnings af línulögninni og þeirra mót-vægisáðgerða sem gripið verður til. Frummats-skýrsla vegna umhverfismats hefur verið birt og er gefinn frestur til 2. júlí til athugasemda.

Landsnet er að undirbúa styrkingu og endurbætur á meginflutningskerfi raforku frá Hellisheiði að Geithálsi og Hafnarfirði og áfram út á Reykjanes.

Markmiðið er að byggja upp raforkuflutningakerfið á Suðvesturlandi til framtíðar svo það geti mætt áformum um orkuflutning á svæðinu, jafnt til atvinnustarfsemi og til almanna. Núverandi kerfi er nýtt til fulls og mun ekki anna eftirspurn í nánustu framtíð, segir frummatsskýrslunni. Styrking og endurnýjun kerfisins er jafnframt sögð forsenda uppbyggingar af ýmsu tagi í atvinnulífi landshlutans, þar á meðal aukinna umsvifa í orkufreki atvinnustarfsemi, bæði í framleiðslu- og hátækniöndi.



Morgunblaðið/Einar Falur

Komið hefur fram að nauðsynlegt er að styrkja háspennulínurnar milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja vegna nýrra virkjana HS-orku og byggingar álvers og annarra stórfyrirtækja í Helguból og víðar.

Framkvæmdirnar verða beinlínis tólf sveitarfélög þar sem mikill meirihluti landsmanna býr.

Meginflutningskerfið á Suðvesturlandi grundvallast á loftlínunum en á nokkrum stöðum er gert ráð fyrir jarðstrengjum við tengingu einstakra virkjana og notenda við kerfið. Í heildina er um að ræða nýbyggingu á um það bil 152 km af loftlínunum auk endurnýjunar á um 19 km af línunum meginflutningakerfisins. Nýjar tengingar orkunotenda og virkjana við kerfið verða alls 35 km af loftlínunum og um 54 km af háspennustrengjum í jörðu.

Eldri línur verða rifnar niður að hluta

Til mótvægis er meðal annars gert ráð fyrir miklu niðurrifi á eldri línunum, samtals um 97 kílómetrum, þar sem nýjar línur verða að mestu leyti byggðar samsíða eldri línunum. Tengivirki við Rauðamel verður fjarlægð og ný tengivirki verða reist á Hellisheiði, við Sandskeið, við Hrauntingur sunnan Hafnarfjarðar og á Njarðvíkurheiði.

Framkvæmdum verður skipt í fimm áfanga og eiga þær að hefjast sumarið 2010. Búið er við að framkvæmdir standi með hléum til ársins 2017. Kostnaður við fyrstu fjóra áfangana er áætlaður 27 milljarðar kr. og að 380 ársverk verði við framkvæmdirnar.

Höfnin var rekin með hagnaði

Veltan 2,6 milljarðar



Gísli Gíslason

ADALFUNDUR Faxaflóahafna fyrir árið 2008 var haldinn hinn 20. maí síðastliðinn í Sjóminjasafninu Víkinni.

Gísli Gíslason hafnarstjóri fór yfir reikninga félagsins fyrir umrætt tímabil. Í máli hans kom fram að hagnaður varð 230 milljónir króna sem telst vera þolanleg niðurstaða, að því er fram kemur á vef Faxaflóahafna. Heildarveltan á árinu 2008 var tæpir 2,6 milljarðar króna. Eignir Faxaflóahafna í árslok 2008 voru 12,7 milljarðar króna og samtals skuldir 2,3 milljarðar.

Júlíus Vífill Ingvarsson, stjórnarformaður Faxaflóahafna, fór yfir skýrslu stjórnarinnar og drap á helstu atburði og framkvæmdir ársins. Júlíus sagði stærstu verkefni á árinu 2008 hafa verið land- og lóðagerð á Grundartanga, landgerð í Sundahöfn ásamt lengingu Vogabakka. Einnig nefndi hann kaupin á nýjum lóðsbát, Jötni, og taldi það mikla og góða viðbót við bátaflokkinn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, í Reykjavík, á Grundartanga, Akranesi og Borgarnesi. Faxaflóahafnir sf. er sameignarfélag í eigu fimm sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.

sisi@mbl.is

Snjóalög voru í meðallagi á Hofsjökli

STARFSMENN Veðurstofu Íslands mældu vetrarákomu á Hofsjökli í árlegri vorferð dagana 30. apríl - 6. maí síðastliðinn. Snjóalög reyndust í meðallagi á jöklinum þetta vorið, ef miðað er við undanfarin ár, að því er fram kemur á vef Veðurstofunnar.

Hofsjökull er þriðji stærsti jökull landsins, um 860 ferkílómetrar að flatarmáli. Frá honum fellur leysingavatn í Þjórsá, Jökulsárnar í Skagafirði, í Blöndu og Hvítá eystri. Vetrarákoma og sumarleysing er árlega mæld í 25-30 punktum á þrem mælinum sem liggja til norðurs, suðvesturs og suðausturs frá hæstu bungum.

Vatnamælingar Orkustofnunar sáu um rannsóknir á afkomu Hofsjökuls á árabílinu 1987-2008 en verkefni þetta færðist til Veðurstofunnar við nýlega sameiningu hennar og Vatnamælinga. Mælingarnar eru kostaðar af orkumálasviði Orkustofnunar. sisi@mbl.is

Rannsóknir hafnar á landnámskálannum við Kirkjuvogskirkju í Höfnum



Ljósmynd/Elert Grétarsson

Með elstu staðfestu mannvistarleifum

RANNSÓKNIR eru hafnar á landnámskálannum við Kirkjuvogskirkju í Höfnum á Reykjanesi. Bygðasafn Reykjanesbæjar stendur fyrir rannsókninni og nýtur við hana styrks frá menningarráði Suðurnesja. Við skráningu fornminja í Reykjanesbæ taldi Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur

sig sjá móta fyrir landnámskála í Höfnum. Fyrir sjö árum var grafin hola ofan í miðjan skálann og þar fengust vísbendingar um að kenning hans væri rétt. Komið var niður á heillegt gólf frá landnámsöld og hleðslu sem talið er að geti verið úr langeldinum. Athuganir á sýnum hafa staðfest að skálinn er ekki

yngr en frá því um 900 og er því með elstu staðfestu mannvistarleifum sem fundist hafa hér á landi.

Fornleifastofnun Íslands vinnur að rannsókninni, undir stjórn Bjarna Einarssonar. Með þeim verða namar í fornleifafræði við Háskóla Íslands.



Eirberg

Rafskutlur

-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun

og hagkvæmar í rekstri



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Athugasemd vegna fréttar

MORGUNBLAÐINU hefur borist yfirlýsing frá dr. Thomas McGovern vegna fréttar í blaðinu sl. miðvikudag um samskipti Hunter College of the City of New York (CUNY) við Fornleifastofnun Íslands.

Þar kom m.a. fram að íslenskum nema, Albínu Huldu Pálsdóttur, sem þá var í doktorsnámi í CUNY, hefði verið vísað úr námi í kjölfar þess að faðir hennar gerði tilboð í uppgröft á Alþingisreitnum. Fornleifastofnun bauð einnig í verkið. Thomas McGovern var einn af leiðbeinendum Albínu, en hann hefur átt samstarf við FSÍ áratugum saman, auk þess sem hann var nefndur sem samstarfsaðili FSÍ við Alþingisreit.

Hluti yfirlýsingar McGovern fer hér á eftir:

„Við teljum ekki viðunandi að CUNY-nemandi fari gegn grundvallarsíðareglum fornleifafræðinnar með því að hætta í verkefnum, sem fengið hafa samþykki sem rannsóknarefni, eða styrktum rannsóknum á svo óábyrgan hátt

[sem Albína gerði]. Aðalmálið sem tengist Albínu er af þessum síðferðilega toga auk þess sem hún má ekki, lagalega séð, ekki einu sinni óbeint, blanda CUNY í verktöku sem greitt er fyrir, án þess að hafa skýrt leyfi. Enginn rannsóknaraðili eða háskóli getur þolað svo óábyrga hegðun og misnotkun nafna og tengsla. Við upplýstum FSÍ um að það væri vandamál, en upphafleg tölvuskeyti voru frá okkur til þeirra, þar sem við báðumst afsökunar vegna lélegs nemanda, og gerðum grein fyrir að okkur var ekki kunnugt um það fyrirfram hvað hún ætlaðist fyrir.

Aldrei bárust skilaboð til nokkurs manns í CUNY frá FSÍ þar sem beðið var um að Albínu yrði vísað úr náminu. Opinber yfirlýsing þessa efnis er væntanleg frá stjórn CUNY fljótlega,“ segir í yfirlýsingu McGovern.

Auk þess segir hann umfjöllun Morgunblaðsins óvandaða og fullyrðir að rangfærslur sé að finna í henni, án þess að tilgreina nákvæmlega hvar þær er að finna.